

af kærða á tímabilinu frá febrúar sl. til júní fyrir um 40-50 þúsund krónur, en kærði hefur ekki kannast við það.

Með því, sem nú hefur verið rakið, þykir vera fyrir hendi rökstuddur grunur um, að kærði kunni að eiga þátt í brotum þeim, sem rannsókn máls þessa beinist að og geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga. Hann hefur ekki gert glögga grein fyrir tekjum sínum og gjöldum síðan í febrúar sl., og er nauðsynlegt að rannsaka m.a. þau atriði rækilegar og leita staðfestingar á þeim framburði kærða, sem nú liggur fyrir. Rannsókn á ætlaðri aðild kærða að þeim stórfelldu brotum, sem rannsókn máls þessa lýtur að, er skammt á veg komin, og þykir því rétt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og til þess að fyrirbyggja, að kærð geti torvelað rannsókn málsins með óskertu frelsi sínu, að verða við kröfu RLR og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 8. ágúst nk., kl. 17:00, svo sem krafist er.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigurður Haukur Engilbertsson skal sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 8. ágúst 1984, kl. 17:00.

Föstudaginn 3. ágúst 1984

Nr. 142/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Páli Konráði Konráðssyni Þormar

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 31. f.m., sem barst Hæstarétti 2. þ.m., í því skyni, að því er ætla verður, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 31. júlí 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 31. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að Páli Konráð Konráðssyni Þormar, til heimilis að Óðinsgötu 8A, Reykjavík, fæddur 02.07.1953 í Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 7. ágúst 1984, kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Málavextir.

RLR vinnur nú að rannsókn á innbroti í Zorba-grill við Hlemm, en þaðan var stolið 108 áfengisflöskum af tegundinni Greco Ouzo aðfaranótt 23. júlí 1984. Áfengistegund þessi er eigi seld í útsölum ÁTVR.

Kærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, er grunaður um að hafa átt hlut að innbroti þessu. Kærði hefur neitað bæði við skýrslutöku hjá RLR og fyrir dómi að hafa átt nokkurn hlut þar að. Kærði hefur hins vegar viðurkennt að hafa keypt 15 flöskur af fyrrnefndri áfengistegund og greitt fyrir þær kr. 3.000. Kærði kveðst hins vegar ekki muna, hvenær hann keypti áfengið né af hverjum og ber við minnisleysi vegna ofneyslu ýmissa vímuegja, þ. á m. amfetamíns, LSD, róandi lyfja og áfengis.

Við húsleit á heimili kærða í gær fundust 2 flöskur af gerðinni Greco Ouzo, önnur óátekin en hin tóm.

Vitnið Reynir B. Björgvinsson og vitnið Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson hafa báðir greint frá því við skýrslutöku hjá RLR að hafa að kvöldi miðvikudagsins 25. júlí sl. keypt eina flösku af Greco Ouzo líkjör fyrir kr. 700 af kærða, Páli Konráð Konráðssyni Þormar.

Vitnið Sigmundur Heiðar Árnason gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 30. júlí sl. Vitnið kvaðst hafa verið gestkomandi að Óðinsgötu 8 meira og minna undanfarna daga og þar hafi verið mjög gestkvæmt og áfengis verið neytt í töluverðum mæli. Vitnið kvaðst aðspurður hafa séð drykkinn Ouzo og hafi það drukkið af þeim veigum ásamt öðrum, er þarna voru.

Vitnið Magnús Einarsson gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 30. júlí sl. Það kvaðst hafa dvalist að undanförunni af og til á heimili kærða og verið þar við áfengisneyslu og séð þar flöskur af Greco, en kvaðst eigi vita, hvaðan Páll fékk þær.

Brot það, er kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja, að rannsókn máls þessa sé enn á frumstigi og sú hættu fyrir hendi, að kærði spilli sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi.

Þykir rétt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 7. ágúst 1984, kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 7. ágúst 1984, kl. 17:00.

Mánudaginn 13. ágúst 1984.
 Nr. 146/1984. Ákærvaldið
 gegn
 Sigurði Hauki Engilbertssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. þ.m., er barst Hæstarétti 9. þ.m., og gert þá kröfu, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.